

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Reykjavík 24. mars 2022

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks 2022-2025, 415. mál.

Vísað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 10. mars sl., þar sem óskað var eftir umsögn umboðsmanns barna um framangreinda tillögu til þingsályktunar.

Í tillögunni er að finna tvær aðgerðir sem miða sérstaklega að hinsegin börnum, sem báðar eru á ábyrgð mennta- og barnamálaráðuneytisins. Í fyrsta lagi er um að ræða aðgerð sem snýr að stöðu hinsegin barna og ungmenna í íþróttá-, tómstunda- og æskulýðsstarfi. Þar kemur fram að vinna eigi fræðsluefni um stöðu hinsegin barna og ungmenna í slíku starfi og stuðla að því að aðilar sem bera ábyrgð á slíkri starfsemi setji sér jafnréttisstefnu sem taki til þátttöku og aðgengi hinsegin barna og ungmenna. Markmiðið er að tryggja þátttöku og aðgengi hinsegin barna að íþróttá- tómstunda og æskulýðsstarfi.

Í greinargerð tillögunnar kemur fram að fjölbreytileiki í hópi barna sé mikill og að koma þurfi til móts við öll börn á þeirra forsendum. Þá kemur þar fram að tryggja þurfi fræðslu fyrir foreldra, þjálfara og aðra sem að íþróttá-, æskulýðs- og tómstundastarfi komi. Umboðsmaður barna tekur undir að um brýnt og aðkallandi verkefni sé að ræða, enda berast umboðsmanni barna reglulega fyrirspurnir um réttindi og þátttöku hinsegin barna í fjölbreyttu tómstundastarfi. Það veldur því miklum vonbrigðum ekki standi til að ráðast í framkvæmd þessarar aðgerðar fyrir en að tveimur árum liðnum, þ.e. árið 2024. Um er að ræða umfangsmikið verkefni sem kallar á mikið samráð og mikla yfirlegu og því vekur það athygli að gert er ráð fyrir því að því ljúki árið 2025. Þá er einnig ljóst að ekki stendur til að veita sérstöku fjármagni til aðgerðarinnar, þar sem fram kemur að verkefnið eigi að rúmast innan fjárheimilda mennta- og barnamálaráðuneytið.

Hin aðgerð tillögunnar sem snýr sérstaklega að hinsegin börnum varðar líðan hinsegin barna og ungmenna í skólum. Í tillögunni kemur fram að samþætta eigi rannsóknir á líðan skólabarna við úttekt á líðan hinsegin barna í skólakerfinu og vinna á tillögur um úrbætur á grundvelli þeirra niðurstaðna en ráðast á í þetta verkefni árið 2024. Ítrekað hafa rannsóknir og ýmsar aðrar

upplýsingar leitt í ljós alvarlega stöðu hinsegin barna og ungmenna í íslensku samfélagi. Mikið hefur verið rætt um vanlíðan, kvíða, sjálfsskaðandi hegðun og jafnvel sjálfsvígshugsanir. Það vekur því furðu umboðsmanns barna að árið 2024 standi til að hefja úttekt á líðan hinsegin barna í skólum landsins. Má sem dæmi nefna að árið 2020 sendi umboðsmaður barna skýrslu til barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna um framkvæmd barnasáttmálans hér á landi. Þar er vísað í niðurstöður rannsókna sem sýna fram á að hinsegin börn séu í mun meira mæli en jafnaldrar að kljást við kvíða, þunglyndi og streitu. Þá er einnig greint frá því í skýrslunni að hinsegin börn séu í meira mæli en jafnaldrar að kljást við lyfjanotkun, sjálfsskaðandi hegðun og sjálfsvígshugsanir auk þess að verða fyrir ofbeldi og áreitni. Í skýrslunni benti umboðsmaður á nauðsyn þess að tryggja ungu hinsegin fólki nauðsynlegan stuðning. Benti umboðsmaður jafnframt á nauðsyn þess að gripið verði til markvissra aðgerða til að koma í veg fyrir fordóma og mismunun, með sérstakri áherslu á skóla, m.a. með því að tryggja að allt námsefni endurspegli líka raunveruleika hinsegin barna, ekki síst námsefni í kynfræðslu. Einnig benti umboðsmaður barna á nauðsyn inngildingar í skólastarfi og mikilvægi þess að hinseginfræðsla sem og fræðsla um mannréttindi almennt og fjölbreytileika mannlegs lífs sé stórefld í skólum landsins.

Að mati umboðsmanns barna eru aðstæður hinsegin barna og ungmenna þannig að þörf er á að forgangsraða í þeirra þágu með virkum og öflugum aðgerðum. Af tillögunni má ráða að ef þær aðgerðir koma ekki til álitu fyrir en árið 2025, þegar niðurstöður úttektar liggja fyrir. Þá er einnig ljóst að ekki stendur til að veita sérstöku fjármagni til aðgerðarinnar, þar sem fram kemur að verkefnið eigi að rúmast innan fjárheimilda mennta- og barnamálaráðuneytið. Sú staðreynd og sú óvissa sem ríkir um fjármál ríkisins dregur úr líkum á raunverulegum aðgerðum sem er miður, sérstaklega þar sem ekkert liggur fyrir um þær aðgerðir sem ráðast á í þegar niðurstöður úttektarinnar liggja fyrir.

Á barnaþingi umboðsmanns barna, sem haldið var í byrjun þessa mánaðar, komu saman börn alls staðar af á landinu, til að ræða þau málefni sem helst brenna á þeim. Meðal þeirra áhersluatriða sem börnin ræddu voru sömu réttindi fyrir öll kyn og að enginn eigi að þurfa að þola fordóma og að tryggja þurfi jafnt aðgengi fyrir öll kyn t.d. í íþróttastarfi. Barnaþingmenn veltu því líka fyrir sér hvort gildandi lög og reglur séu hindrun fyrir fjölbreytileikanum í samfélagi okkar og kröfðust þess að þau yrðu þá endurskoðuð. Barnaþingmenn vilja að öllum börnum sé gert kleift: *”Að mega vera eins og maður vill, kyn, kynhneigð, hvern við elskum og hvað við viljum”*.

Virðingarfyllt,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna